



DET KONGELIGE
UTENRIKSDEPARTEMENT

Utanríkisráðherra

Sjúrður Skaale
Norðurlandaráð

Osló, nóvember 2023

Svar við skriflegri fyrirspurn E6/2023 um afhendingu olíu til rússneskra fiskveiði- og flutningaskipa á úthöfum

Norska ríkisstjórnin hefur tekið við skriflegri fyrirspurn E6/2023 frá Sjúrði Skaale í Norðurlandaráði. Fyrirspurninni var beint til sjávarútvegs- og hafnarmálaráðherra og hún hljóðar svo:

Getur ráðherra staðfest hvort það sé rétt að norsk olúskip hafi afhent olíu til rússneskra fiskveiði- og flutningaskipa á úthöfum eftir 24. febrúar 2022 og, ef svo er, hvort sú starfsemi hafi aukist frá 12. júlí 2023?

Getur ráðherra upplýst um fjölda norskra og rússneskra skipa sem eiga aðild að þessum viðskiptum, ef þau eiga sér stað, og um hve mikið magn er að ræða?

Hefur ráðherra fyrirhugað að kanna hvort einhverjir aðilar „á bannlista“ eigi aðild að þeim skipafélögum sem samkvæmt umræddri skýrslu fá olíu afhenta frá norskum skipum?

Ef staðan er sú að norsk skip afhendi rússneskum skipum olíu í norskri lögsögu eða alþjóðlegum höfum sem aðilar „á bannlista“ taka þátt í, er það þá brot gegn norskum refsiaðgerðum og öðrum aðgerðum gegn Rússlandi og rússneskum aðilum?

Getur ráðherra upplýst um hvort umrædd viðskipti geti flokkast til tilraun til að sniðganga regluverkið?

Getur ráðherra upplýst um hvort ríkisstjórn Noregs, ef viðskiptin reynast vera lögleg, hafi áform um að herða ákvæðin til að koma í veg fyrir að slík viðskipti eigi sér stað?

Utanríkisráðherra svarar eftirfarandi fyrir hönd norskur ríkisstjórnarinnar:

Noregur fylgir refsiaðgerðum ESB með nokkrum landsbundnum aðlögunum, þar á meðal undanþágu frá hafnarbanni fyrir rússnesk fiskveiðiskip í Tromsø, Båtsfjord og Kirkenes. Hafnarbannið gildir ekki heldur um Svalbarða.

Undanþága frá hafnarbanni felur ekki í sér undanþágu frá öðrum hlutum regluverksins um refsiaðgerðir, þar á meðal banni við faglegrri þjónustu við rússnesk skip.

Að því er varðar afhendingu á olíu til rússneskra fiskveiði- og flutningaskipa á úthafi er vísað til banns við sölu, afhendingu, útflutnings og flutnings samkvæmt i-lið 2. gr. reglugerðar um refsiaðgerða vegna Úkraínu, fylgiskjal XXIII:

Petroleum oils and oils obtained from bituminous minerals (excl. crude); preparations containing ≥ 70 % by weight of petroleum oils or of oils obtained from bituminous minerals, these oils being the basic constituents of the preparations, n.e.s.; waste oils containing mainly petroleum or bituminous minerals

Að öðru leyti er kveðið á um gildissvið refsiaðgerða í 3. gr. laga um refsiaðgerðir:

„Lögin gilda

- a. innan norskrar lögsögu, þar á meðal í loftrými
- b. um borð í öllum farartækjum, þar á meðal loftförum, borpöllum og öðrum flytjanlegum innviðum innan norskrar lögsögu
- c. um alla norska ríkisborgara og einstaklinga með búsetu í Noregi
- d. um öll fyrirtæki sem eru skráð í fyrirtækjaskrá (Foretaksregisteret)
- e. um öll fyrirtæki að því er varðar atvinnustarfsemi sem er rekin að hluta til eða í heild í Noregi.

Lögin gilda um Svalbarða og Jan Mayen. Konungurinn getur gefið út reglugerð um beitingu laganna á norsku yfirráðasvæðunum. Konungurinn getur gefið út reglugerð um undanþágusvið fyrir aðgerðir sem framkvæmdar eru samkvæmt þessum lögum.“

Ofangreint bann gildir því um borð í öllum farartækjum innan norskrar lögsögu.

Norskum yfirvöldum hefur verið tilkynnt um að norsk skip hafi flutt olíu til rússneskra skipa. Norsk yfirvöld fylgjast með stöðu mála til að tryggja samræmda framfylgd allra eftirlitsstofnana okkar á útflutningsbanninu.

Með góðri kveðju,

Espen Barth Eide